
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2011-04
Fundartími:	Fimmtudagur 5. maí 2011 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun á fyrsta ársfjórðungi. 3) Notkunarflokkar raforku 2010. 4) Aflþörf raforkukerfisins 2010. 5) Breytingar á raforkuspá og forsendur endurreiknings. 6) Raforkunotkun stóriðju. 7) Mælingar á raforkuvinnslu. 8) Almennar forsendur orkuspáa. 9) Önnur mál.

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Ásgeir Sigtryggsson Sigurður Ágústsson Baldur Dýrfjörð Pétur E. Þórðarson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Farið var yfir raforkunotkun á fyrsta ársfjórðungi. Raforkuvinnslan hefur aukist um 0,7% frá sama tíma árið 2010 en flutningstöp hafa minnkað um 2,0%. Stórnotkun hefur minnkað um 0,1% en almenn notkun hefur aukist um 3,0%. Ótryggð orka hefur aukist um 26,8% á þessu tímabili en forgangsorkan hefur aukist um 1,1 %. Nokkur munur er á hitafari þessa mánuði milli ára og er árið 2011 kaldara en 2010. Hitastigleiðrétting hefur því þau áhrif að aukningin verður minni og forgangsorka eykst eftir leiðréttingu um 0,3%. Raforkunotkun er því ekki farin að vaxa að nýju að neinu ráði.

- 3) IB sagði að notkunarflokkar fyrir síðasta ár ættu að vera orðnir endanlegir og sýndi hann töfluna sem birt er í viðauka raforkuspár. PEP benti á að OV hefði ekki fækkað flokkum í landbúnaði eins og Rarik. JV sagði að þeir gætu lagt saman viðeigandi flokka. IB benti á að dreifitöpin væru eðlileg. Hann benti einnig á að dæling á Fitjum hefði ekki verið inni í notkunarflokkunum hjá HS Veitum þar sem hún kæmi frá HS Orku og færi aldrei inn á kerfi HS veitna. JV sagði að þessari notkun hefur verið bætt við notkun hjá HS veitum en spurning væri hvort þetta ætti að flokkast sem notkun frá virkjun. Nokkur umræða var um þetta.
- 4) IB sagði að afganginn væru tilbúin og sýndi nokkrar myndir þar sem háir toppar koma. Fundarmenn töldu allt benda til þess að þessir toppar væru eðlilegir.
- 5) Engar tillögur komu um breytingar á raforkuspá. ÁS benti á að ýmsir aðilar væru að tala við Landsnet um nýtingu raforku og benti á að Verne gagnaverið væri faið af stað með framkvæmdir að nýju og viðræður væru í gangi við Kísilverksmiðju í Helguvík.
- 6) Nýjar tölur liggja ekki fyrir varðandi notkun stóriðju.
- 7) Rætt var um minnisblöð um mælingar. Ákveðið var að vísa því til ÍP að ákveða hvert yrði framhaldið.
- 8) JV sýndi tölur frá Fasteignamatinu um rúmmál húsnæðis. Á síðasta ári var minni aukning í íbúðarhúsnæði en við höfum séð í okkar tölum sem ná aftur til 1984.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:10. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 9. júní 2011.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

-

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur yfir raforkunotkun á fyrsta ársfjórðungi 2011.
- Myndir um aflþörf á árinu 2010.
- Notkunarflokkar 2010, excel skjal.
- Minnisblöð um mælingar raforku.
- Myndir 11.01 og 11.04 úr almennum forsendunum sem sýna aukningu í fasteignamati.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Minnisblöð um mælingar, framhald